

Sp.

332. Nefndarálit

[81. mál]

um till. til þál. um verðtryggingu á sparifé skólabarna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagnar Landsbanka Íslands um hana. Upplýsir framkvæmdastjórn bankans, að verðtrygging þessa sparifjár hafi þegar verið ákveðin og standi yfir undirbúningur að framkvæmd þeirrar ákvörðunar. Með tilliti til þessa leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Landsbanki Íslands hefur þegar ákveðið verðtryggingu sparifjár skólabarna og undirbýr framkvæmd þess máls, telur Alþingi tilgangi tillögunnar náð og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. marz 1957.

Benedikt Gröndal, Eiríkur Þorsteinsson, Björn Jónsson, Björn Ólafsson.
form. fundaskr. frsm.
Ásgeir Bjarnason. Steingr. Steinþórsson. Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 12. febr. 1957.

Vér höfum móttengið bréf yðar, dags. 30. jan. s. l., þar sem beiðzt er umsagnar bankans um tillögu til þingsályktunar um verðtryggingu á sparifé skólabarna. Um mál þetta viljum vér taka fram eftirfarandi:

Skömmu eftir að sparifjársöfnun skólabarna var hafin á vegum Landsbankans, varð forustumönnum hennar ljóst, að miklu máli mundi skipta fyrir þetta uppeldisstarf, að spariféð væri tryggt gegn lækkandi verðgildi peninganna. Bankaráð Landsbankans samþykkti því á síðastliðnu vori að heimila framkvæmdastjórn bankans að taka upp vísitölubindingu innstæðna á barnabókum í samvinnu við aðrar lánsstofnanir.

Miklir framkvæmdaörðugleikar hafa komið í ljós, sem tafið hafa framkvæmd málsins hingð til. Er nú unnið að því að leysa þá, og væntir bankinn, að hægt verði að koma á verðtryggingu, er vel megi við una.

Með tilliti til þess, að mál þetta er þegar í undirbúningi og stjórn bankans hefur fullan hug á að leysa það í svipuðum anda og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, teljum vér ástæðulaust að samþykkja hana.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands,

Jón G. Mariasson. S. Frimannsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Alþingi.